

77. fundur í **Safna- og menningamálanefnd** var haldinn í Ráðhúsinu mánudaginn 11. október 2010 kl. 17:15.

Mætt voru: Dagbjört Höskuldsdóttir, formaður, Árni Valgeirsson, Elísabet Björgvinsdóttir, Símon Már Sturluson og Ólafur S. Ottósson, sem ritar fundargerð. Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Amtbókasafnið
2. Fréttir af fundi menningarráðs Vesturlands
3. Norðurljósin- menningarhátíð Hólmara 4. – 7. nóvember nk.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn kl. 17:20 og lagði fram ofangreinda dagskrá.

1. **Amtbókasafnið** – Til stóð að Ragnheiður Óladóttir mætti á fundinn og greindi frá því helsta í starfsemi bókasafnsins sem á döfinni hefur verið síðustu misseri en vegna veikinda samstarfsmanns hennar á safninu gat Ragnheiður ekki mætt. Hún sendi þó stutta skriflega greinargerð og gerði formaðurinn grein fyrir efni hennar. Sveinbjörn Ingi Pálsson hefur verið ráðin tímabundið í 75% starf við safnið til þess að vinna við framhald á uppbyggingu ljósmyndasafnsins. Amtbókasafnið hyggur á öfluga þátttöku í menningarhátíðinni Norðurljós m.a. með upplestrum höfunda úr bókum sínum og verður nánar skýrt frá því síðar.
2. Fréttir af fundi **menningarráðs Vesturlands**. Formaðurinn sagði frá því að hún hefði sótt fund menningarráðs Vesturlands sem haldinn var 5. október s.l. og skýrði frá því helsta sem þar er á döfinni. Sagði hún frá fyrirhugaðri menningarhátíð í Stykkishólmi – Norðurljósum og kom jafnframt fram, að á sama tíma verður haldin hátíðin Rökkurdagar í Grundarfirði. Staðfesti formaður að aðilar vissu hvorir af annars áformum og því ekki hætta á árekstrum. Á fundi menningarráðsins var skýrt frá þeim áherslur sem uppi verða um verkefni aðila á Vesturlandi á menningarsviðinu sem Menningarráðið gæti styrkt á árinu 2011 en ljóst er af upplýsingum um fjárveitingar ríkisins til ráðsins að talsverður niðurskurður verður á fjárhæð styrkveitinga.
3. **Norðurljósin – menningarhátíð Hólmara**. Formaður gerði grein fyrir því sem þegar hefur verið ákveðið um dagskrá hátíðarinnar sem haldin verður dagana 4. til 7. nóvember n.k. Hátíðin hefst á fimmtudagskvöldið í Stykkishólmskirkju með „stórtónleikum“ ýmissa listamanna úr Stykkishólmi og víðar að. Þá er ákveðinn unglíngadansleikur á föstudagskvöld og almennur dansleikur á laugardagskvöld. Áformað er að aðgangsgjaldi verði haldið í lágmarki. Þá eru einnig áform um að öll söfn bæjarins verði opin almenningi og aðgangur þar ókeypis. Þórunn Sigþórsdóttir var ráðin í tímabundið starf til þess að skipuleggja og samræma dagskrá menningarhátíðarinnar og hefur sá undirbúningur gengið vel og virðist hún í öllum aðalatriðum tilbúin. Stefnt er að því að hún verði kynnt í helstu fjölmiðlum Vesturlands eigi síðar en 10 dögum áður en hátíðin hefst, þ.á m. auðvitað í Stykkishólmspóstinum.
4. **Önnur mál**: Formaður skýrði frá ályktun bæjarráðs um að fela Safna- og menningarmálanefnd að gera tillögu um framtíðarskipulag safnamála í Stykkishólmi með „áherslu á skilvirkni og hagræðingu“. Ályktun þessi þarf umfjöllun og samþykki bæjarstjórnar áður en hún berst nefndinni formlega til afgreiðslu.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið kl. 18:30.

Dagbjört Höskuldsdóttir (Sign,).

Ólafur Styrmir Ottósson (Sign,).

Árni Valgeirsson (Sign,).

Elísabet Björgvinsdóttir (Sign,).

Símon Már Sturluson (Sign,).